

Undirbúningur Galtarhafnar á sér langan aðdraganda

Það kom mörgum í opna skjöldu þegar sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar kynnti fyrr á þessu ári tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á þann veg að í landi jarðarinnar Galtarlækjar myndi með tíð og tíma hefjast uppbygging á athafna- og hafnarsvæði. Einkum er þar fyrirhuguð þjónusta við hafnsækna starfsemi og má þar nefna flutningaskip og skemmtiferðaskip ásamt fjölbreyttu athafnasvæði. Áætluð er þar uppbygging á 1.000 metra löngum hafnarkanti með um 40 hektara hafnarsvæði og um 70 hektara athafnasvæði. Á því athafnasvæði er áhersla lögð á nýsköpun og hringrásarhagkerfi. Er þar einkum horft til þjónustu við hafnarstarfsemi, léttis iðnaðar og vörugæymslna, ekki ósvipaðri starfsemi og nú er í Sundahöfn í næsta nágrenni við Vogahverfið í Reykjavík. Galtarhöfn verður samhangandi við Grundartangahöfn til suðurs. Lóðir við Galtarhöfn verða athafnalóðir og þar verður ekki leyfð nein mengandi starfsemi. Jafnframt er þar lögð áhersla á lausnir fyrir neysluvatn, fráveitu og raftengingar. Að uppbyggingu lokinni má ætla að einhver hundruð starfa verði til á svæðinu.

Nálægðin við höfuðborgarsvæðið lykilatriði

Ein af meginforsendum tillögunnar er nálægð svæðisins við höfuðborgarsvæðið og góð tenging við samgöngu- og veitukerfi. Tækifærin felast í atvinnusköpun, inn- og útflutningi og aukinni ferðaþjónustu með tilkomu skemmtiferðaskipa. Samkvæmt tillögunni er áætlað að landmótun og hafnarframkvæmdum verði lokið innan 3-5 ára frá samþykkt skipulagsáætlana. Að undanförnun hefur tilagan verið í skipulagsferli og í síðustu viku lauk kynningu hennar á vinnslustigi í skipulagsgátt. Að því loknu hefst gerð formlegs aðalskipulags og kynning þess. Þá er framkvæmdin einnig í umhverfismati sem einnig verður kynnt í skipulagsgátt. Að öllum þessum ferlum loknum taka sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og Skipulagsstofnun endanlega ákvörðun um fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsvinna hefst við hönnun gatna, hafnarmannvirkja og lóða.

Það er fyrirtækið Galtarhöfn ehf. sem stendur að baki undirbúningi og fyrirhuguðum framkvæmdum við uppbygginguna í landi Galtarlækjar. Forsvarsmaður Galtarhafnar ehf. er Gunnar Þór Gunnarsson og hefur hann notið samstarfs við Magnús H.Ólafsson arkitekt við undirbúning verksins.

Langur aðdragandi

Í samtali við Skessuhorn segir Gunnar Þór hugmyndina eiga sér langan aðdraganda. Hann hefur verið viðloðandi starfsemi á Grundartangasvæðinu síðan árið 1996 og verið með ýmsan rekstur þar frá árinu 2000. Má þar nefna vélsmíðju, fólksflutninga og eldvarnaþjónustu. Einnig þjónustar fyrirtæki á hans vegum landanir á súráli og hefur hann því fylgst náið með uppbyggingu á svæðinu og möguleikum þess. Fyrir tíu árum hafi hann áttað sig á framtíðarmöguleikum Galtarlækjar í framþróun Hvalfjarðar og raunar á suðvesturhorni landsins. Síðan hafi hann unnið að þróun hafnar og lóða undir hafnsækna starfsemi.



Fyrirhugað framkvæmdasvæði í landi Galtarlækjar.



Skýringarmynd. Möguleg útfærsla uppbyggingar í landi Galtarlækjar. Vesturlandsvegur norðan svæðisins. Grundartangi til austurs og Melahverfi til norðurs.



Vinnuteikning með drögum að mögulegu lóðaskipulagi.

Ljóst hafi þó verið frá upphafi að margt þyrfti að ganga upp svo verkefnið gæti orðið að veruleika.

Þá segir Gunnar að frá árinu 2019 hafi eftirspurn fyrirtækja í Reykjavík eftir lóðum aukist enda mikil breyting á svæðum innan höfuðborgarinnar þar sem atvinnulíf víkur fyrir íbúðabyggð. Í því ljósi

hafi hann sannfærst um að verkefnið gæti gengið upp. Hann hafi því árið 2020 keypt ásamt eiginkonu sinni spildu úr jörðinni ásamt íbúðarhúsi á Galtarlæk og árið 2021 hafi þau lokið kaupum á allri jörðinni. Í kjölfarið kynnti hann hugmyndir sínar fyrir nokkrum fyrirtækjum og sá skýri áhugi sem þá hafi komið

í ljós hafi hrundið af stað því ferli sem nú er í fullum gangi.

Fjármögnun vel á veg komin

„Galtarhöfn er hugsuð fyrir snýrtilega og ábyrga starfsemi, starfsemi sem við getum verið stolt af. Frá upphafi höfum við unnið markvisst fram í tímann til að tryggja að næstu skref séu vel undirbúin og dregið þannig úr áhættu við verkefnið. Eitt af lykilatriðum í slíkri framkvæmd er fjármögnun. Hingað til höfum við fjármagnað verkefnið sjálf en samkvæmt áætlun mun þurfa aukna fjármögnum þegar framkvæmdin verður boðin út enda nemur kostnaður rúmlega 14 milljörðum króna. Ég get fullyrt að fjármögnun er vel á veg komin og mun ekki tefja framgang verkefnisins,“ segir Gunnar Þór.

Aðspurður um hvenær framkvæmdir geta hafist segir Gunnar Þór að um leið og skipulagsmálin verði í höfn og framkvæmdaleyfið gefið út verði verkið sett í útboð. Áætlaður framkvæmdatími er um þrjú ár.

Hárréttur tími til framkvæmda

Nú eru blíkur á lofti í efnahagslífi en Gunnar Þór lítur á það ástand sem tækifæri. „Þetta verkefni kemur á hárréttum tíma fyrir okkur og samfélagið. Verkefnastaða hjá stærri jarðvinnslufyrirtækjum er takmörkuð um þessar mundir og fá verk í útboði. Tvö fyrirtæki hafa nú þegar haft samband og sýnt fyrirhuguðu útboði mikinn áhuga. Ég kvíði því ekki þeim þætti verkefnisins,“ segir Gunnar Þór.

Eins og áður sagði eru ýmis svæði á höfuðborgarsvæðinu að ganga í gegnum skipulagsbreytingar. Gunnar Þór segir það styðja framgang verkefnisins. „Stór atvinnusvæði í Reykjavík eru að breytast í íbúðasvæði svo sem Ártúnshöfðinn og Vogahverfið,“ segir hann.

Samkeppni við Þorlákshöfn

Á undanförunum árum hefur mikil uppbygging átt sér stað í Þorlákshöfn og inn- og útflutningur fer í kjölfarið í vaxandi mæli um þá

höfn. Aðspurður hvort Galtarhöfn standi ekki höllum fæti andspænis þeirri samkeppni segir Gunnar Þór svo ekki vera. „Vissulega teljum við helsta samkeppnis-svæðið einmitt vera Þorlákshöfn. Hins vegar mun tilkoma Sundabrautar, sem er einn lyk-ilþáttur verkefnisins, stytta ferðatímann úr miðbæ Reykjavíkur í Galtarhöfn niður í 29 mínútur samanborið við 41 mínútu til Þorlákshafnar og er þar um heiði að fara sem getur lokast vegna ófærðar. Við kvíðum því ekki þeirri samkeppni.“

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir í skipulagi Galtarhafnar að þar risi atvinnustarfsemi af ýmsum toga. Gunnar Þór segir að áhugi fyrirtækja á uppbyggingu á svæðinu hafi aukist á undanförunum mánuðum en ekki sé hægt að ganga frá neinum slíkum málum fyrr en skipulagið hefur verið samþykkt. Sömu sögu sé að segja af áhuga skipafelaga, bæði í flutningarekstri og í rekstri skemmtiferðaskipa.

Uppbygging er byggð á trausti

Nú hafa hugmyndir að Galtarhöfn vakið blendin viðbrögð í samfélaginu, bæði jákvæð og neikvæð. Gunnar Þór segir það ekki koma á óvart. Það liggi í hlutarins eðli að miklum breytingum fylgi blendnar tilfinningar í nærumhverfinu. Vissulega muni þessi uppbygging hafa áhrif, bæði umhverfisleg og ekki síst á mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Skipulagsvinna hefur tekið langan tíma en í fullri sátt við sveitarstjórn og embættismenn Hvalfjarðarsveitar. „Við munum leggja allt kapp á að nálgast þetta verkefni af nærgætni gagnvart þeim sem þessi uppbygging hefur mest áhrif á. Framkvæmdum fylgir alltaf risk á meðan á þeim stendur en þegar starfsemin hefst á svæðinu að þeim loknum er okkur það efst í huga að frágangur svæðisins verði með þeim hætti að hún muni ekki hafa íþyngjandi áhrif á okkar næstu nágretta. Við munum í öllu skipulagsferlinu haga málum þannig að það skapist traust á þeirri vegferð sem við viljum fara til þess að efla atvinnulíf og mannlíf á svæðinu,“ segir Gunnar Þór að lokum.

bj